

Velkomin í leikskólann í Bríetartúni

Umhyggja – Gleði – Vinátta



Aðlögun barna í leikskólanum

Þátttökuaðlögun

Leikskólinn er samfélag þar sem börn og fullorðnir læra saman og byggja upp þekkingu. Í anda þess er þátttökuaðlögun byggð á því að barnið sé ekki að „venjast“ því að vera skilið eftir, heldur að kynnast nýju umhverfi og aðstæðum á eigin forsendum. Þarfir hvers barns eru alltaf hafðar að leiðarljósi í ferlinu.

Foreldrar taka virkan þátt í leikskólastarfinu fyrstu dagana. Þannig kynnast þeir starfsfólki, dagskipulagi og leiknum sem börnin taka þátt í. Þetta skapar öryggi og traust hjá foreldrum sem smitast yfir til barnsins og eykur vellíðan þess. Foreldrar fá einnig tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum í sömu stöðu, sem oft leiðir til vinatengsla og samstöðu.

Aðlögunin tekur yfirleitt um þrjá daga þar sem foreldrar dvelja með barninu í leikskólanum, kynnast starfsfólki, börnum, öðrum foreldrum og daglegu starfi. Á fjórða degi kveðja foreldrar barnið og sækja það snemma síðdegis. Gott er að miða við styttri viðveru fyrstu dagana til að auðvelda barninu að aðlagast.

Markmið leikskólans

- Að búa barninu skapandi námsumhverfi
- Að örva mál og læsi í daglegum leik
- Að sýna væntumþykju og virðingu
- Að efla vináttu og nærgætni



Aðlögun

Við notum þátttökuaðlögun sem tekur að jafnaði þrjá daga:

- **Dagur 1:** Foreldrar og barn frá kl. 9:00–10:45
- **Dagur 2:** Foreldrar og barn frá kl. 8:30–12:00 (barnið borðar hádegisverð).
- **Dagur 3:** Barn frá kl. 8:30–14:00. Foreldrar eru með barninu fram að hvíld, fara þá heim og starfsfólk hringir þegar barnið vaknar.
- **Dagur 4.** Foreldrar kveðja barnið að morgni og sækja kl.14

Við mælum með að barnið sé sótt snemma fyrstu 2 vikurnar á meðan barnið er að venjast leikskólanum.

Með þátttökuaðlögun kynnast foreldrar og barn leikskólanum saman, sem veitir barninu öryggi og traust. Aðlögunarferlið getur lengst ef barn þarf lengri aðlögun.

Máltíðir

- **Morgunmatur:** kl. 8:15–9:00
- **Hádegismatur:** kl. 11:00–12:00
- **Nónhressing:** kl. 14:00–15:00
- **Ávaxtastundir** eru að morgni og þegar þörf er á.
- **Matseðill vikunnar** er á ***vala.is*** og á vegg í leikskólanum.



Hvíld

Við tryggjum góðar aðstæður fyrir hvíld. Vinsamlega upplýsið okkur um sérstakar þarfir barnsins varðandi svefn. Leikskólinn útvegar teppi en barnið má koma með bangsa eða snuð að heiman.

Hólf í fataklefa

Hvert barn fær sitt eigið hólf í fataklefa. Alltaf þarf að taka upp úr töskunni það sem barnið þarf að nota þann daginn, vikuna. Mikilvægt er að merkja allan fatnað og hluti vel.

Fatahólf þarf að tæma á föstudögum og taka töskuna heim.

Útiföt

Vetur: húfa, tvennir vettlingar, ullarsokkar, þykk peysa, kuldagalli, pollaföt, stígvél, kuldaskór.

Sumar: þunn húfa, peysa, léttur jakki, vettlingar, pollaföt, stígvél, sólarvörn.

Muna að merkja öll föt barnanna.



Veikindi og lyfjagjafir

Vinsamlega látið vita ef barnið er veikt, bæði er hægt að hringja á viðkomandi deild eða skrá inn í **vala.is**

Ef barnið er veikt á það að vera heima og má mæta þegar það er búið að vera einn dag hitalaust.

Lyf eru almennt gefin heima, nema astmalyf.

Óhöpp, slys og veikindi

Við höfum samband við foreldra ef eitthvað kemur upp. Ef alvarlegt er, förum við beint með barnið á slysadeild eða heilsugæslu. Öll slys eru skráð á tiltekin eyðublöð og geymd.

Sumarleyfi

Leikskólinn lokar í fjórar vikur á sumrin. Öll börn taka sumarleyfi sitt samfelld í fjórar vikur.

Skipulags- og námskeiðsdagar

Leikskólinn er lokaður 6 daga á ári vegna skipulags- og námskeiðsdaga. Dagarnir geta verið heilir eða hálfir og eru auglýstir með mánaðar fyrirvara en einnig í starfsáætlun leikskólans og skóladagatali.



Uppýsingar um leikskólann

Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 16:30.

Leikskólastjóri er **Anna Ben. Blöndal**.

Póstfang: brietartun@reykjavik.is

Símanúmer: **411 6780**

Heimasíða: <https://reykjavik.is/ungbarnaleikskolinn-brietartuni>

Deildir leikskólans

Dropatún

Deildarsími: **686 1105**

Birkitún

Deildarsími: **686 1104**

Fjólutún

Deildarsími: **686 1109**

Mosatún

Deildarsími: **6861 107**

